77 25. maí **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans á Seyðisfirði* **um lögmæti kosninga í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.** — Í Þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, látið mjer í tje umsögn yðar um erindi nokkurt frá Skapta ritstjóra Jósepssyni, dagsett 5. jan. þ. á., þar sem hann kærir yfir því að bæjarstjórnin á Seyðisfirði hafi á fundi 21. s. m. úrskurðað, að kosning á einum af meðlimum niðurjöfnunarnefndarinnar í bæjarstjórninni skyldi lögmæt vera og sömuleiðis samþykkt kosning Bjarna Siggeirssonar í sömu bæjarstórn, enda þótt hann væri verzlunarþjónn kaupmanns Sig. Johansens, er sat fyrir í bæjarsjórninni.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg get fallizt á það álit yðar í umræddu brjefi yðar, að þó svo sje ákveðið í 21. gr. laga nr. 15, 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði, að sami maður megi ekki á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn, þá verði þetta eigi skilið svo að það útiloki þá, er í niðurjöfnunarnefnd sitja, frá kjörgengi til bæjarstjórnar. Ennfremur verður, eins og þjer haldið fram, að álíta kosning Bjarna Siggeirssonar gilda, því að þótt hann að vísu sje bókhaldari hjá kaupmanni Sig. Johansens, er sat fyrir í bæjarstjórninni, þá er hann að öðru leyti ekki svo háður nefndum kaupmanni, eins og 5. gr. áðurnefndra laga gjörir ráð fyrir, þar sem hann eptir skýrslu yðar heldur dúk og disk sjálfur. Úrskurður bæjarstjórnarinnar um áðurnefndar kosningar skal því óraskaður að standa.

Þetta er yður þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, einnig fyrir kærandann.

78 26. maí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um skipting Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu í tvö sveitarfjelög.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað beiðni hreppsnefndarinnar í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, dagsetta 6. febr. þ. á., um skipting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, og hefir hlutaðeigandi sýslunefnd lagt það til, að hin umbeðna skipting verði leyfð. Útaf þessu og samkvæmt tillögum yðar í nýnefndu brjefi, skal hjer með eptir 23. gr. í tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, skipað svo fyrir, sem hjer segir á eptir:

1. Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu skal skipt í tvö sveitarfjelög, þannig að Holtssókn og Knappstaðasókn verði hreppur út af fyrir sig og nefnist Holtshreppur og Barðsókn verði hreppur útaf fyrir sig og nefnist Haganeshreppur.

2. Öllum eignum, skuldum og sveitaþyngslum hins núverandi Holtshrepps, þeim er verða, þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa, þannig að $^{6}/_{11}$ komi í hlut hins nýja Holtshrepps og $^{5}/_{11}$ í hlut Haganeshrepps, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum þeim, er síðar kunna til að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara, þegar er amtið hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartil-